

6. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreiningur verður.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðafararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 300 000 sem rennur í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Suðureyrar-kauptúni nr. 184 4. júní 1973 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 1. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

1. gr.

Við 3. gr. bætist 3. tl. sem orðist svo:

- 3.3. Bannað er að geyma ónothæf tæki eða áhöld í framleiðslu- og matvælageymslum fyrirtækis, eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni.

Tæki og áhöld, sem finnast kunna á framleiðslu- eða sölustað, skulu talin tilheyra rekstrinum.

2. gr.

5. gr. 2. tl. orðist svo:

- 5.2. Viðkvæmum matvælum skal halda nægjanlega köldum (undir 5°C) eða nægjanlega heitum (50°C eða þar yfir) eftir eðli vörunnar. Ekki má geyma slík matvæli á hitastiginu 5° til 50°C lengur en 4 klst.

Ílát, áhöld, rör, vélar og fleira, sem notað er við framleiðslu og tilbúning slíkra matvæla, skal hreinsa og sótthreinsa vandlega með viðurkenndum aðferðum.

3. gr.

7. gr. 2. tl. stafl. b. orðist svo:

- 7.2.b. Þegar aðskotaefni eru í vörunni.

4. gr.

9. gr. 1., 2., 6. og 8. tl. orðist svo:

- 9.1. Neysluvörur í luktum umbúðum eða hylkjum (dósum, flöskum, loftþéttum umbúðum, úr gerviefnum og því um líku) má ekki dreifa til sölustaða án þess að nafn og heimilisfang framleiðanda eða pökkunarfyrirtækis sé skráð á umbúðirnar. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur krafist fyllri merkingar telji það ástæðu til.
- 9.2. Djúpfrystar nauðsynjavörur (undir $\div 20^{\circ}\text{C}$) skal framleiðandi eða eftir atvikum umboðsmaður eða innflytjandi merkja með „Djúpfryst“ á umbúðir.
- 9.6. Séu kjöt, fiskur eða aðrar viðkvæmar neysluvörur, t.d. álegg, seldar í luktum umbúðum eða hraðfrystar, skal á pökkunarstað skráð dagsetning á umbúðir og síðasti leyfilegur söludagur þannig: „Pakkað“ „Síðasti söludagur“.
- Framangreint gildir ekki um niðursoðnar (dauðhreinsaðar) vörur.
- 9.8. Við sölu og dreifingu á matvælum, sem nefnd eru í 6. tl. þessarar greinar, skal gæta hita- og kuldestigs vörunnar samkvæmt ákvæðum 5. gr. 2. tl. og 9. gr. 2. tl. og auðkenna eftir atvikum: „Geymist í kæli“.

5. gr.

9. gr. 7. tl. falli niður.

6. gr.

10. gr. orðist svo:

- 10.1. Sá sem reka vill sláturhús, búa til matvæli eða neysluvörur, eða selja eða dreifa manna á meðal kjöti, kjötmeti, nýjum fiski, fiskmeti, mjólk, mjólkurafurðum, brauði, kókum, ávöxtum, aldinum eða grænmeti, skal leita leyfis viðkomandi heilbrigðisnefndar. Verði slíku ekki við komið skal leita leyfis Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Heilbrigðisnefnd skal ganga úr skugga um það, hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum laga nr. 24/1936 og þessarar reglugerðar svo og öðrum ákvæðum, sem sett hafa verið eða sett kunna að vera um þess háttar starfsemi og skal í þeim tilgangi krefjast vottorðs héraðsdýralæknis eða Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Slíkt leyfi þarf einnig til fyrirhugaðra breytinga á húsakynnum og rekstri þ. á m. sé skipt um eiganda eða sé starfsemi flutt. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur krafist þess að fá tilkynningar um veitt leyfi.
- 10.2. Undanþegnir ákvæðum 10. gr. 1. tl. eru sjómenn, sem sjálfir annast sölu á óunnum fiski beint upp úr báti á lendingarstað.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

- 13.1. Ílát, áhöld, vélar og umbúðir, sem geta snert matvæli, neyslu- og nauðsynjavörur, sem dreift er manna á meðal, skulu vera þannig úr garði gerð að þau skaði ekki né mengi matvælin, neyslu- og nauðsynjavöruna.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og með stoð í lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og með stoð í lögum nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi 1. mars 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. febrúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.